

DRÖG

REGLUGERÐ um veiðar á kröbbum.

1. gr.

Almennt.

Allar veiðar á kröbbum í gildrum í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

Undir þessa reglugerð falla allar krabbategundir; svo sem trjónukrabbi, grjótkrabbi og gaddakrabbi.

2. gr.

Krabbaveiðileyfi.

Leyfi til krabbaveiða í gildrum skulu gefin út fyrir hvert fiskveiðiár en ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

Aðeins þeir bátar, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni eiga kost á leyfi til krabbaveiða í gildrum.

Heimilt er að binda útgáfu leyfa til veiða ákveðnum skilyrðum, m. a. skýrsluskilum um veiðarnar, hámarksstærð báta, stærð og gerð veiðarfæris, veiðitímabil o.s.frv.

Fiskistofa skal auglýsa eftir umsóknnum um leyfi til krabbaveiða fyrir 1. ágúst ár hvert. Þegar krabbaveiðileyfum sem til ráðstöfunar eru hefur ekki verið úthlutað við upphaf fiskveiðiárs skal afstaða tekin til umsókna eftir því sem þær berast Fiskistofu.

Við afgreiðslu umsókna og við úthlutun veiðisvæða hafa þau skip forgang sem áður hafa stundað veiðar á kröbbum og skal byggt á því á hvaða svæði og í hve langan tíma krabbaveiðar hafa verið stundaðar. Auk þessa, í þeim tilvikum sem þess er þörf, skal lítið til aflamagns. Að öðru leyti skal hlutkesti skera úr um rétt umsækjenda til leyfis til krabbaveiða.

Í umsókn skal meðal annars koma fram hvar veiðar eru fyrirhugaðar og gerð gildra. Með umsókn skal fylgja samningur um vinnslu á krabba í landi eða jafngilda yfirlýsingu þegar um eigin krabbavinnslu er að ræða. Í báðum tilfellum þarf staðfesting frá Matvælastofnun að fylgja um að viðkomandi vinnsla hafi gilt vinnsluleyfi frá stofnuninni.

Leyfi til veiða á kröbbum er óheimilt að framselja. Forgangsrétt samkvæmt 5. mgr. er heimilt að flytja á milli skipa skipti útgerðaraðili um skip.

Um krabbaveiðar krókabáta vísast til reglna um veiðar krókaafلامarksbáta.

3. gr.

Veiðisvæði og fjöldi leyfa

Leyfi til veiða eru bundin við ákveðin svæði og skiptast miðin umhverfis landið í 3 veiðisvæði þannig (sjá skýringamyndir í fylgisskjali 1):

1. Svæði A: Á svæði milli lína réttvísandi suður frá Krýsuvíkurbjargi (63°49,80' N 22°04,20' V) og að línu sem dregin er réttvísandi vestur af Öndverðanesi (64°53,1' N 24°02,7' V).

2. Svæði B: Á svæði milli lína réttvísandi vestur af Öndverðanesi (64°53,1' N 24°02,7' V) og að línu sem dregin er réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (hnit).

3. Svæði C: Á svæði milli lína réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (65°30,2' N 24°31,9' V) og að línu sem dregin er réttvísandi suður frá Krýsuvíkurbjargi (63°49,80' N 22°04,20' V).

Einungis skal gefa út 3 veiðileyfi á svæði A og 4 veiðileyfi á svæði B. Hámarksfjöldi gildra fyrir hvert skip eru 500 gildir í sjó á svæði A og B.

Engar takmarkanir eru á fjölda veiðileyfa eða fjölda gildra á hvert skip á svæði C.

Heimilt er að úthluta skipi leyfi til veiða á fleiri en einu svæði.

4. gr.

Veiðarfæri, vitjun og merking lagna.

Óheimilt er að nota önnur veiðarfæri við krabbaveiðar en þar til gerðar gildirur sem uppfylla skilyrði sem fram koma í reglugerð þessari.

DRÖG

Allar nýjar gildirur skulu vera þannig útbúnar að þær opnast innan árs hafi þær glatast í sjó.

Gildra skal vitja eigi síðar en 10 sólarhringum eftir að þær eru lagðar í sjó. Frá þessu má aðeins víkja ef veður hamlar sjósókn með þeim hætti að ekki reynist unnt að vitja gildra og skal skipstjóri tilkynna Fiskistofu liggja gildirur viðkomandi skips lengur en 20 sólarhringa án þess að hafa verið vitjað.

Gildrubaujur skulu vera á báðum endum gildrulínu og allar merktar með flaggi sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Gildirur, niðurstöður, gildrubaujur og –belgir og baujuflögg skulu, með varanlegri merkingu, vera greinilega merktar umdæmisnúmeri eða skipaskrárnúmeri þess skips sem notar þær. Stafir á baujuflöggum og belgjum skulu vera stórir og skýrir.

Leggi skip gildirur sínar á svæði þar sem togveiðar eru heimilar, er skylt að auðkenna vestari enda gildrulagnar með hvítu blikkljósi og radarspegli.

Óheimilt er að hafa önnur veiðarfæri um borð en gildirur meðan á krabbaveiðum stendur/meðan gildirur eru lagðar eða þeirra er vitjað.

5. gr.

Veiðibann.

Ekki er heimilt að koma með að landi karlkyns trjónukrabba sem eru undir 60 mm skjaldarbreidd, karlkyns grjótkrabba undir 100 mm skjaldarbreidd eða karlkyns gaddakrabba undir 90 mm skjaldarbreidd.

Ekki er heimilt að koma með að landi lifandi kvenkynskrabba af öllum tegundum (sjá skýringamyndir í fylgisskjali 2).

Allar veiðar með gildrum eða gildrulagnir eru bannaðar á skilgreindum humarsvæðum sbr. reglugerð nr. 214/2010 um humarveiðar með síðari breytingum.

6. gr.

Afladagbækur.

Auk skila á afladagbókum samkvæmt reglugerð nr. 557/2007 um afladagbækur skal skipstjóri senda Hafrannsóknastofnuninni vikulega, á mánudegi, upplýsingar um afla og veiðisvæði undanfarandi viku á því formi sem Hafrannsóknastofnunin ákveður, óski stofnunin eftir slíku.

7. gr.

Vigtun og skráning.

Við vigtun gilda ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafila, með síðari breytingum.

8. gr.

Refsingar og viðurlög.

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til krabbaveiða vegna brota á ákvæðum leyfisbréfa og ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til veiða þessara tegunda.

Brot varða viðurlögum samkvæmt 15. -17. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

9. gr.

Gildistaka. Brottfall eldri reglna.


Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast gildi 13. janúar 2014. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 611/2007, um takmarkanir á heimild til veiða á kröbbum.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Tilraunaveiðileyfi á kröbbum í gildirur sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar halda gildi sínu þar til Fiskistofa hefur úthlutað veiðileyfum skv. 2. gr. reglugerðarinnar.

Fiskistofa skal auglýsa eftir umsóknum um leyfi til veiða á kröbbum á fiskveiðiárinu 2013/2014 eigi síðar en 15. janúar 2014 og skal umsóknarfrestur vera 2 vikur.



Svæði C

Svæði C

Svæði C

Bjargtangar 65°30,2' N 24°31,9'V

Svæði B

Öndverðanes 64°53,1' N 24°02,7'V

Svæði A

Krýsuvíkurbjarg 63°49,80, ' N 22°04,20'V

Svæði C

